

GÁTLISTI FYRIR LÆKNA SEM ÁVÍSA QSIVA



Qsiva®

(fentermín/tópiramat með breyttum losunarhraða) hörð hylki

Qsiva er ætlað til notkunar ásamt hitaeiningasnauðu fæði og reglulegri hreyfingu, til meðferðar við offitu hjá fullorðnum með líkamsþyngdarstuðul (BMI) ≥ 30 kg/m² (offita) eða ≥ 27 kg/m² (yfirþyngd) og líkamsþyngdartengda kvilla svo sem háþrýsting, sykursýki af tegund 2 eða blóðfíturöskun. Hætta á meðferð með Qsiva eftir 3 mánuði ef sjúklingurinn hefur ekki misst a.m.k. 5% af upphaflegri líkamsþyngd (sjá kafla 4.2).

Upplýsingar um sjúklinginn

Ef sjúklingurinn er kona sem getur orðið þunguð:

Notar konan örugga getnaðarvörn	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>	Frábending; EKKI má ávísa Qsiva ef hakað er í „Nei“-reitinn
---------------------------------	-----------------------------	------------------------------	-------------------------------------------------------------

Hefur sjúklingurinn fengið/Notar sjúklingurinn:

Meðferð með mónóamín oxídasa hemlum á síðustu 14 dögum	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	Frábending; EKKI má ávísa Qsiva ef hakað er í annan hvorn „Já“-reitinn
Einhver önnur lyf til að léttast	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	

Er sjúklingurinn með/Hefur sjúklingurinn fengið:

Miðlungs alvarlegt eða alvarlegt þunglyndi eða sögu um endurtekið þunglyndi, geðhvörf eða geðrof?	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	Ef hakað er í einhvern „Já“-reitanna er sjúklingurinn í aukinni hættu á að fá aukaverkanir. Ekki á að hefja meðferð eða halda henni áfram nema að loknu ítarlegu mati á hugsanlegum ávinningi og hugsanlegri áhættu og lestri kafla 4.4 í Samantekt á eiginleikum lyfs.
Sjálfsvígshugsanir eða sögu um sjálfsvígstílaunir?	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	
Nýlegt hjartaáfall (fyrir < 6 mánuðum)?	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	
Mikla hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, þ.m.t. sögu um langt genginn hjarta- og æðasjúkdóm (t.d. nýlegt heilablóðfall [fyrir minna en 3 mánuðum], illkynja hjartsláttartruflanir, blóðríkishjartabilun í NYHA flokki II-IV)?	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	
Viðvarandi aukningu hjartsláttartíðni í hvíld (t.d. 90 slög á mínútu eða meira við tvær mælingar í röð)? (Mæla á hjartsláttartíðni í hvíld áður en meðferð með Qsiva er hafin og meðan á henni stendur)	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	
Hækkað gildi s-kreatíníns? (Mæla á kreatínín í sermi áður en meðferð með Qsiva er hafin og meðan á henni stendur)	Nei <input type="checkbox"/>	Já <input type="checkbox"/>	

Hefja meðferð með Qsiva? Já Nei Dagsetning ávísunar _____ dd/mm/áááá

Hætta á meðferðinni ef áhyggjur vakna af því að hún sé ekki örugg eða þolist ekki

Útgáfa 1, febrúar 2023

ED-11-015-00